2. mál Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks um hestadaga í Reykjavík

Óskar Bergsson: Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég tala fyrir tillögu meirihluta Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks um sérstaka hestadaga í Reykjavík á þessum borgarstjórnarfundi. Það kann vel að vera að margir ruglist í ríminu vegna umræðu um landsmót hestamanna árið 2012, en um það hefur staðið nokkur styr á undanförnum dögum og vikum um staðarval fyrir landsmót árið 2012. Þessi tillaga okkar í Borgarstjórn Reykjavíkur hefur í raun og veru ekkert með þá ákvörðun að gera, heldur eru þetta fyrst og fremst viðbrögð Reykjavíkurborgar við gagnmerkri skýrslu sem unnin var á vegum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins undir forystu Ástu Möller, fyrrverandi alþingismanns, um það með hvaða hætti mætti markaðssetja íslenska hestinn betur erlendis. Viðbrögð Reykjavíkurborgar við skýrslunni eru í raun og veru þau að við höfum fundað með skýrsluhöfundum og heyrt þeirra hugmyndir með hvaða hætti þeir sjái fyrir sér markaðssetningu á íslenska hestinum erlendi og hérlendis, og með hvaða hætti Reykjavíkurborg geti komið að þessu skemmtilega og mikilvæga verkefni.

Fyrsta hugmyndin var í raun og veru sú að Reykjavíkurborg mundi með einhverjum hætti draga fram í dagsljósið margvíslega starfsemi sem á sér stað í hestamennskunni í borginni í maímánuði. En þá fara fram kynbótasýningar á félagssvæði Fáks, þá fer fram Reykjavíkur meistaramótið, sem er íþróttakeppni í hestamennsku. Það eru gæðingakeppnir, það eru reiðhallarsýningar, æskan og hesturinn og fjölmargar skemmtilegar uppákomur sem tengjast íslenska hestinum en kannski ekki allir borgarbúar vita af. Þannig að hugmynd Reykjavíkurborgar og svona fyrstu viðbrögð við þessu markaðsátaki voru í raun og veru þau að opna borgina í maímánuði og borgin gæti með einhverjum hætti hjálpað til við markaðssetningu og annað slíkt sem tengist þessum viðburðum sem eru í maímánuði.

Hins vegar kemur það fram í skýrslunni, í mörgum tillögum í skýrslunni og kemur meðal annars fram á blaðsíðu 16, og ég bendi borgarfulltrúum á það að skýrslan liggur hér frammi ásamt öðrum fundargögnum á fundinum, ef menn kjósa að kynna sér hana. En sem sagt á blaðsíðu 16 að þá er talað hér um markaðsátak og

þá er nú reyndar verið að tala um fyrir árið 2010, en sú tillaga sem við tölum hér fyrir í borgarstjórn miðar við það að hestadagar verði haldnir í fyrsta skipti í Reykjavík árið 2011.

En með leyfi forseta, ef ég les upp þetta markaðsátak um hestaviku á Íslandi að vetri að þá kemur fram, að það þurfi að nýta þau sóknarfæri sem felist í núverandi stöðu krónunnar til að markaðssetja íslenska hestinn enn frekar. Þannig hefur verið lagt í sérstakt átak til kynningar á íslenskri vetrarhestamennsku um allt land, í fyrsta sinn í mars 2010. Þar verði boðið upp á fjölþætta viðburði bæði innan og utan dyra þar sem að allt hestaáhugafólk ætti að finna eitthvað við sitt hæfi svo sem opið hesthús, töltkeppni á ís, ískappreiðar og fleira. Einn af hápunktum þessa viðburðar yrði uppboðsmarkaður fyrir hross í líkingu við markaði þá sem haldnir eru víða erlendis fyrir hross af ýmsum heitblóðskynjum. Á uppboðsmarkaði yrði jafnframt markaðssíða World-Fengs opnuð með formlegum hætti.

Þannig að þetta er í raun og veru ávarp skýrsluhöfunda til þess að halda þetta markaðsátak á hverju ári og gera það að vetri til. Og það er ekki síst til komið vegna í raun og veru óska aðila ferðaþjónustunnar um það að stækka og bjóða upp á einhverja viðburði fyrir utan þennan hefðbundna ferðamannatíma. Auk þess sem marsmánuður er mjög heppilegur mánuður til þess að sýna íslenska hestinn í þessu borgarumhverfi. Þá eru flestir sem á annað borð stunda hestamennsku með hross sín á húsi. Hestarnir komnir í þjálfun og þetta er í raun og veru sá mánuður ársins þar sem getur verið um að ræða harðan vetrarmánuð þar sem menn gætu þá sýnt hrossin við þær aðstæður í snjó, á ís eða ljúfur vormánuður þar sem hægt er að sýna hross við bestu aðstæður. Og það yrði bara tekið tillit til þess í undirbúningi og framkvæmd mótsins og þessara daga, að það sé hægt að bregðast við því með þeim hætti að láta veðrið svolítið ráða ferðinni með því hvernig mótinu og þessum hestadögum vindur fram.

Nú, þetta er náttúrulega spennandi viðburður fyrir utan þennan hefðbundna ferðamannatíma og gefur í raun og veru ekki bara erlendum ferðamönnum eða Íslendingum sem búa ekki á höfuðborgarsvæðinu tækifæri til þess að koma og heimsækja og skoða íslenska hestinn við þessar aðstæður, heldur opnar þetta líka nýjan heim fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins. Og það er í raun og veru ótrúlega

stutt síðan að íbúar Reykjavíkur í raun og veru þustu inn að Elliðaám á Hvítasunnukappreiðar Fáks á hverju vori. Og til dæmis í kringum árið 1950 að þá voru um 10 þúsund manns á Hvítasunnukappreiðum Fáks, sem er náttúrulega stórmerkilegt í bæ sem kannski taldi á milli 30-40 þúsund á þeim tíma. Þannig að þetta hefur fjarlægst og með þessum hestadögum í Reykjavík erum við í raun og veru að reyna að tengja saman þá merkilegu íþrótt og þann lífsstíl sem felst í hestamennskunni við íbúa borgarinnar með sem jákvæðustum hætti. Vegna þess að margir hafa áhuga og forvitni á að fylgjast með og skoða íslenska hestinn, en á einhvern hátt hefur þetta fjarlægst og tengingin þarna á milli ekki nægileg. Þannig að við sjáum fyrir okkur að með þessum hestadögum í Reykjavík í marsmánuði sé opnuð þessi leið og þessi snertiflötur milli venjulegs borgara sem ekki þekkir hestinn og þeirra sem stunda hestamennsku að koma saman.

Og við sjáum fyrir okkur að hestamennskan og hesturinn geti verið sýnilegur ekki bara á þessum hefðbundna stað í útjaðri borgarinnar, heldur getum við opnað miðborgina með einhverjum hætti. Skólarnir geti verið opnir fyrir hagsmunaaðilum sem vilja kynna starfsemi sína fyrir grunnskólanum. Það eru tveir öflugir háskólar reknir úti á landi sem að tengjast hestamennskunni, bæði á Hvanneyri og Hólum, og þeir mundu geta fengið aðstöðu til að kynna sína starfsemi í framhaldsskólunum og að einhverju leyti í grunnskólunum líka. Þannig að hlutverk Reykjavíkurborgar í þessum hestadögum væri í raun og veru fyrst og fremst það að skapa aðstöðu fyrir fólk til þess að koma vöru sinni og þjónustu á markað. Og við teljum að með því að tengja saman og stökkva inn í þetta markaðsverkefni sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið setti á stað, að þá sé hægt að vinna saman að mjög skemmtilegum og spennandi hlutum.

Nú, það er líka vilji okkar á þessum hestadögum að almennt með sýningarnar og keppnina að það verði aðeins með öðru sniði heldur en gerist og gengur og verði meira hugsað svona um þátt áhorfandans í keppninni og sýningunni heldur en þessar hefðbundnu íþrótta- og gæðingakeppnir eru. Og það er þá eitthvað sem menn mundu þá bara skoða í undirbúningi og aðdraganda hestadaganna.

Það er líka mikilvægt í þessu sambandi að hafa það í huga að með þessu frumkvæði Reykjavíkurborgar að taka undir þessar hugmyndir í markaðsstarfinu,

að þá er Reykjavíkurborg ekki hér að opna alla vasa eða opna einhverjar fjárhirslur til þess að ausa í þennan viðburð. Heldur fyrst og fremst sveitarfélag sem er tilbúið, sem hefur góða aðstöðu til þess að halda uppi öflugum sýningum og viðburðum í tengslum við hestamennskuna, en líka bara til þess að bjóða fram aðstöðu þannig að þetta geti orðið eins og markaðstorg fyrir íslenska hestinn einu sinni á ári. Og þá geti komið allir þeir aðilar sem hafa hagsmuni og atvinnu af því að vinna með hestinn og þetta verði í raun og veru bara framlag Reykjavíkurborgar til að skapa þær aðstæður. Reykjavíkurborg og höfuðborgarsvæðið eru í raun og veru langstærsta markaðssvæði landsins fyrir hestaleigur, fyrir reiðskóla, fyrir tamningastöðvar og fyrir aðra þá aðila sem hafa atvinnu af hestamennskunni og það er með þeim hætti sem Reykjavíkurborg vill bjóða alla þessa aðila velkomna til sín einu sinni í viku þar sem íslenski hesturinn er í aðal hlutverki.

Nú, ágætu borgarfulltrúar og forseti, ég vil þá að lokum gera grein fyrir tillögu meirihlutans um hestadaga í Reykjavík og hún er svohljóðandi:

Í framhaldi af skýrslu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins um markaðssetningu íslenska hestsins samþykkir Borgarstjórn Reykjavíkur að unnið verði að skipulagningu sérstakra hestadaga í Reykjavík. Hestadagarnir verði haldnir árvisst í marsmánuði þar sem íslenski hesturinn verður í aðalhlutverki í höfuðborg landsins. Með hestadögum í Reykjavík verður sköpuð aðstaða fyrir fyrirtæki og stofnanir í hestamennsku til að koma vöru sinni og þjónustu á framfæri um leið og almenningi verður gefinn kostur á að sjá og kynnast hestinum í borgarumhverfinu.

Við leggjum til að tillagan verði samþykkt og vísað til menningar- og ferðamálasviðs.

Forseti: Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið máli sínu og gert grein fyrir fyrirliggjandi tillögu. Þá hefur borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson óskað eftir að taka til máls.

2. mál Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks um hestadaga í Reykjavík

Þorleifur Gunnlaugsson: Forseti, borgarfulltrúar. Tillaga sú sem hér liggur frammi er góðra gjalda verð og það má þakka fyrir hana. Borgin á að hafa frumkvæði að atvinnu sem þessari eða í það minnsta að stuðla að miklu samráði, þó ekki væri nema til að það rekist ekki hvað á annað og að því leyti til er tímasetningin á þessum viðburði góð í mars. Það komu svona áhyggjuhrukkur á félaga minn borgarfulltrúa Hermann Valsson þegar að hann heyrði að þetta ætti kannski að vera í maí og ég sá alveg hvað hann var að hugsa, þá er hins vegar byrjað að veiða urriða í Elliðaánum ef að það yrði allt fullt af hestum þarna líka. En tímasetningin er góð og um að gera að reyna að teygja úr þessu tímabili öllu saman. Hér verður vonandi um að ræða atburð sem verður fyrirferðarmikill í borgarlífinu meðan að á honum stendur. Fjölmörgum reykvískum hestamönnum borgarinnar til ánægju, en mun jafnframt draga innlenda vonandi og erlenda áhugamenn um þessa göfugu íþrótt á svæðið.

Ég man vel eftir Hvítasunnukappreiðum Fáks við gömlu hesthúsin og það var virkilega spennandi, og þannig kynntist ég dálítið hestinum og ef vel tekst til þá er þetta einmitt kynning líka fyrir aðra. En ef að vel tekst til þá mun þetta hugsanlega fylla hótelin okkar og auka verslun og skapa vinnu. Í einu orði sagt létta hug okkar í skammdeginu þar sem eins og segir í tillögunni: Íslenski hesturinn verður í aðalhlutverki. En jafnframt skilja eftir gildisauka sem meðal annars mun rata í okkar fjárhirslur – fjárhirslur borgarinnar.

Hlutverk borgarinnar er mikilvægt í samræmingu og kynningu þessa, en að mínu mati ætti fjármögnunin að vera í höndum hestamannafélaga og einkaaðila, og mér fannst tillöguflytjandi vera að ræða um þetta á þann háttinn, en ég sé svo sem ekki tekið á því hér í tillögunni sjálfri. Þannig að ég legg til að tillögunni verði vísað til menningar- og ferðamálaráðs og hún komi síðan inn til borgarráðs til samþykktar. Einhver kostnaður hlýtur að verða af þessu, þannig að mér liði betur með það að vera ekki að samþykkja hann óséðan.

Forseti: Borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson hefur lokið máli sínu. Þá hefur borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon óskað eftir að taka til máls.

2. mál Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks um hestadaga í Reykjavík

Ólafur F. Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég þakka bara fyrir framkomna tillögu og vil taka það fram að fyrir svona aldarfjórðungi þótti ég nú ekkert mjög óefnilegur hestamaður, þegar að ég fór á reiðnámskeið þegar að ég var læknir á Blönduósi. Ég vona að mér leyfist að tala um þetta mál þrátt fyrir að ég sé ekki í hópi vöskustu hestamanna hér inni.

En það kemur kannski sumum á óvart að ég fagna framkominni tillögu, af því að ég hef lýst miklum áhyggjum yfir áformum um aukna hesthúsabyggð í Elliðaárdal eða annars staðar í nánd við Elliðaárnar sem er náttúrulega einhver sú vitlausasta tillaga sem ég hef lengi heyrt í Borgarstjórn Reykjavíkur eða skipulagsráði, þar sem að mjög mikill stuðningur er við tillöguna, en við sem sitjum í umhverfisráði borgarinnar stöndum felst vaktina gegn þessum áformum. Þau eru mjög mikið hagsmuna og flokkatengd þessi áform og varða jafnvel kjörna fulltrúa í skipulagsráði með þeim hætt að þeir ættu að víkja sæti í þessu máli. En ég sem sagt ætla að leggja fram bókun þar sem ég fagna þessari tillögu svohljóðandi, með leyfi forseta:

Ég fagna framkominni tillögu og legg áherslu á að flýtt verði fyrir bættri aðstöðu fyrir hesta og hestamenn í Almannadal eða annars staðar fjær Elliðaánum en núverandi hesthúsabyggð í Elliðaárdal stendur. Brýnt er að horfið verði frá öllum áformum um aukna hesthúsabyggð í nánd við Elliðaárnar, enda ógna slík áform framtíð og lífríki Elliðaánna.

Forseti: Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið máli sínu. Og lagt fram bókun sem að vísu er ekki tengd því máli sem við erum að ræða hér um, en samt sem áður ætlar forseti að samþykkja að hún verði lögð fram. En ég bið borgarfulltrúa að þegar um bókanir er að ræða að þær tengist því máli sem verið er að ræða um með beinum hætti. [Frammíkall, ÓFM] Það er ekki heimilað í bili, þú mátt gera athugasemd á eftir. Þá hefur borgarfulltrúi Óskar Bergsson óskað eftir að taka til máls.

2. mál Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks um hestadaga í Reykjavík

Óskar Bergsson: Forseti, ágætir borgarfulltrúar. Ég stóð nú upp þar sem ég hélt að ég væri að loka umræðunni um tillöguna. En þar sem fleiri hafa óskað eftir að taka til máls eftir að ég kom í stólinn, þá áskil ég mér rétt til þess að þetta sé þá ekki alveg í síðasta skipti undir þessum lið sem ég kem hér upp.

Vegna tillögu borgarfulltrúa Þorleifs Gunnlaugssonar að það væri réttara að vísa þessari tillögu til meðferðar menningar- og ferðamálaráðs til umsagnar og kostnaðarmeta hana að þá vil ég taka fram að þetta er tillaga sem gerir ráð fyrir viðburði eftir ár. Það er sem sagt í mars 2011 sem þessi viðburður verður, þannig að það er engin ástæða til annars en að samþykkja tillögun hér og vísa henni til sviðsins. Sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs hefur verið í samskiptum og átt fundi með skýrsluhöfundum og sú vinna er að einhverju leyti hafin og engin ástæða til annars en að hún haldi áfram. Hins vegar þegar að líður að gerð fjárhagsáætlunar og þá finnst mér sjálfsagt að þessari tillögu verði vísað þar inn til meðferðar í fjárhagsáætlun Reykjavíkur, en engin ástæða til þess að fresta afgreiðslu tillögunnar hér. Þannig að ég legg til að hún verði samþykkt.

En eins og ég sagði áðan að ef það eru fleiri atriði sem koma fram hér um þessa tillögu að þá áskil ég mér rétt til þess að koma hér upp aftur í lok umræðunnar.

Forseti: Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

2. mál Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks um hestadaga í Reykjavík

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Mér þykir nú mjög vænt um íslenska hestinn eins og einhver stjórnmálamaður sagði. Ég held að þetta sé áhugaverð hugmynd sérstaklega í því samhengi að byggja upp ferðaþjónustu á þeim tíma sem að við þurfum að byggja hana upp, þ.e.a.s. það sem kallaðar eru axlir og vildi í raun bara hnýta við fyrir umfjöllun menningar- og ferðamálaráðs, að auk þess sem að kannski svona, ég held að það sé ekki það öruggt með snjóa og ístölt skilyrði hér. Ég veit ekki hvort að það er hægt að byggja viðburðinn á því, en sú umræða hefur vaknað í hópi hestamanna sem tengjast Samfylkingunni, að kannski væri hægt að byggja upp hvítasunnukappreiðarnar markvissara og betri með einhverjum bakstuðningi borgarinnar sem alþjóðlegan viðburð. Þær eru á mjög áhugaverðum tíma fyrir ferðaþjónustuna í borginni, en allt er það sem að getur komið til skoðunar.

Síðan tek ég bara undir það að ef um er að ræða mikil fjárútlát að þá er gott að þau liggi fyrir. Við auðvitað verðum að minnast þess að Vetrarhátíð var til dæmis slegin af í vetur vegna fjárskorts, eftir stóð Safnanótt sem heppnaðist mjög vel, en það var engu að síður þannig. Þannig að aðstæðurnar eru ekki þannig að menningar- og ferðamálasvið hafi úr svo miklu að spila að það sé hægt að bæta inn viðburði hér og þar. En hugmyndin er áhugaverð ekki síst ef það er hægt að byggja upp samstarf við þá ferðaþjónustuaðila sem eru býsna sprækir í hestaferðum og því að kynna landið sem hestamannland.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson. Óskar borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon eftir því að tala á undan, forseti verður við því. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon.

2. mál Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks um hestadaga í Reykjavík

Ólafur F. Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég vona að forseti ætli ekki að gera neitt annað við mína bókun en að leyfa henni að koma fram með óbreyttum hætti. Ég vil að ég verði látinn af því vita ef við því verður brugðist með öðrum hætti. En ég skal rökstyðja hér mjög rækilega að síðari hluti bókunnar minnar; ... brýnt er að horfið verði frá öllum áformum um aukna hesthúsabyggð í nánd við Elliðaárnar enda ógna slík áform framtíð og lífríki Elliðaánna, en nátengd tillögunni sem hér var lögð fram og hlustið þið nú á tillöguna borgarfulltrúar góðir þar segir meðal annars:

Með hestadögum í Reykjavík verður sköpuð aðstaða fyrir fyrirtæki og stofnanir í hestamennsku til að koma vöru sinni og þjónustu á framfæri um leið og almenningi verður gefinn kostur á að sjá og kynnast hestinum í borgarumhverfinu.

Forseti, ég mætti á einn fund í skipulagsráði sem varamaður á þessu kjörtímabili og var þar með viðvaranir um nákvæmlega þetta atriði sem ég get fært rök fyrir, að formaður skipulagsráðs og aðilar innan ráðsins, ég skal ekki nefna hverjir – ekki kjörnir fulltrúar, börðust mjög leynt og ljóst og á köflum leynt fyrir því að þetta mál næði fram að ganga. Þannig að það tengist líka pólitískri spillingu, forseti, pólitískri spillingu. Formaður skipulagsráðs hefur gengið fram með þessum hætti þar sem hann á hagsmuna að gæta að með öllu er óviðunandi, og þess vegna verður bókun mín ekki þögguð niður, forseti.

Á þessum fundi, forseti borgarstjórnar, þá stóð Júlíus Vífill Ingvarsson upp í lok fundar og gekk að mér og sagði orðrétt; „Leitaðu læknis, vinurinn“. Leitaðu læknis vinurinn af því að ég leyfði mér að andmæla hagsmunum hans og tillöguflutningi í skipulagsráði. Þetta lýsir þvílíkum fordómum og þvílíku agaleysi á ... Forseti, því skyldir þú trufla mál mitt hér?

Forseti: Vegna þess að ég ætla að biðja borgarfulltrúann að halda sig við efni þessarar tillögu.

Ólafur F. Magnússon: Það stendur í þessari tillögu að á hestadögum verði sköpuð aðstaða fyrir fyrirtæki og stofnanir í hestamennsku.

Forseti: Ekki vera með dylgjur gagnvart einstökum borgarfulltrúum.

Ólafur F. Magnússon: Ég er bara að segja sannleikann, forseti. Eða finnst forseta það í lagi að sá sem hér stendur mætir á einn skipulagsráðsfund og neyðist til að segja sig úr ráðinu vegna framkomu formannsins, með svívirðilegar dylgjur og fordóma vegna þess að undirritaður átti við veikindi að stríða fyrr á þessu kjörtímabili? Ég held að forseti ætti að gæta sín. Hann hefur þó verið einn af þeim örfáu mönnum hér sem hefur ekki veist að undirrituðum, þeim sem hér stendur með fordómum og mannfyrirlitningu, eins og mér hefur verið sýnt margoft í þessum sal og víðar af kjörnum fulltrúum á þessu tímabili. Og ég segi enn og aftur forseti að á þessum fundi kom það fram að í skipulagsráði er unnið mjög markvisst að þessari hesthúsabyggð á bökkum Elliðaánna, sem er framkvæmd sem er með öllu óverjandi ef hún nær fram að ganga.

Því að það liggur gjörsamlega fyrir og veiðimálastjóri og fleiri góðir fagmenn hafa sagt mér það líka, að ef að það verður reist 5-800 hrossabyggð á bökkum Elliðaánna rétt vestan við Breiðholtsbrúnna, þá mun lífríki Elliðaánna fara í rúst á skömmum tíma, vegna köfnunarefnismengunar. Og sléttlendi því sem að liggur þarna næst ánni það mun ekki vera hægt að koma í veg fyrir að köfnunarefni úr hrossataði t.d. fari beint út í Elliðaárnar og auki styrkinn á þessu efni svo mikið á þessu efni svo mikið í Elliðaánum að laxinn á sér enga undankomuleið. Laxastofninn mun drepast. Og ef einhver borgarfulltrúi leyfir sér að mæla slíkri tillögu bót þá er hann einfaldlega að gefa öllum kjósendum í Reykjavík og hvað þá framtíðarkynslóðum í Reykjavík langt nef.

Og ég minni enn og aftur á þetta mál vegna þess að þetta var mjög heitt mál í skipulagsráði. Ég endurtek, formaður missti gjörsamlega stjórn á skapi sínu þegar að hann veittist að mér með fordómum og svívirðingum, fordómum sem beinast ekki bara gegn minni persónu heldur öllum, öllum kjörnum fulltrúum og almenningi sem yfirhöfuð hafa annaðhvort tekist á við veikindi eins og ég gerði eða átt ættingja sem annaðhvort hafa tekist á við þau veikindi eða misst ættingja úr þeim. Þess vegna var þetta mál svo grafalvarlegt að ég mun ekki una því að vera þaggaður niður hér með málflutning minn sem snýst um að verja hagsmuni Reykvíkinga. En það var reynt að berja niður baráttu mína fyrir hagsmuni

Reykvíkinga með að nýta fordóma í minn garð, til að fæla mig frá umræðunni og hrekja mig úr skipulagsráði.

Og jafnvel menn og konur sem telja sig mikla umhverfissinna, eins og Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi og Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltrúi tóku fremur undir með sumum embættismönnum í ráðinu og formanninum þar sem að var reynt að gera sem allra minnst úr mínum málflutningi og í raun og veru gera mér ólíft að koma á fund í þessu ráði. Þess vegna, forseti, hef ég fært mjög skýr rök fyrir því að það er ekkert hægt að taka burt þessa bókun á nokkurn hátt og hún kemur beint að efni málsins. Ef að það hefði ekki staðið hér; sköpuð aðstaða fyrir fyrirtæki og stofnanir í hestamennsku til að koma vöru sinni og þjónustu á framfæri, þar sem meðal annars formaður skipulagsráðs á beinna hagsmuna að gæta, þá gætir þú leyft mér, forseti, að reyna að þagga niður í mér eða draga úr bókun minni. En ég veit að þú ert bæði glöggur og velviljaður maður, en ég treysti því að þú standir hér upp og fallist á það að ég hafi fært rök fyrir því að tillagan fjalli meðal annars óbeint um hagsmunatengsl og spillingu í skipulagsráði Reykjavíkur.

Forseti: Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið máli sínu. Þá hefur borgarfulltrúi Óskar Bergsson óskað eftir að veita andsvar.

2. mál Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks um hestadaga í Reykjavík

Óskar Bergsson: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég get að mörgu leyti skilið áhyggjur borgarfulltrúa Ólafs F. Magnússonar á því sem að hann segir og vitnar hér beint upp úr þeirri tillögu sem hér er lögð fram, með leyfi forseta, svo ég bara lesi það aftur eins og borgarfulltrúinn gerði sjálfur: Með hestadögum í Reykjavík verði sköpuð aðstaða fyrir fyrirtæki og stofnanir í hestamennsku til að koma vöru sinni og þjónustu á framfæri um leið og almenningi verði gefinn kostur á að sjá og kynnast hestinum í borgar umhverfinu.

Bara svo að það sé sagt hér, að þá var það alls ekki meiningin með þessari tillögu að eins og hér væri um skipulagsáætlun að ræða eða skipulagslega ákvörðun að ræða í þeim hefðbundna skilningi. Endinn á þeirri setningu sem borgarfulltrúinn vitnaði til; um leið og almenningi verði gefinn kostur á að sjá og kynnast hestinum í borgarumhverfinu. Það sem við eigum við með því að skapa aðstöðu fyrir fyrirtæki og stofnanir í hestamennsku er það að við opnum borgina fyrir þessari starfsemi þessa viku sem umræddir hestadagar eiga að vera í borginni. Þannig að við getum séð fyrir okkur að í grunnskólum borgarinnar, í framhaldskólum borgarinnar að þá geti farið fram einhvers konar sýning, einhvers konar kynning á íslenska hestinum.

Eins að það geta verið einhverjar uppákomur og viðburðir tengdir þeim í miðborg Reykjavíkur, við verslanamiðstöðvar og ýmislegt annað. Það er það sem að við eigum við með því að skapa aðstæður í borginni fyrir þessa daga. En ég skil misskilninginn sem varð til vegna þessa, en ég vildi gera borgarfulltrúanum grein fyrir því að það var ekki meiningin heldur fyrst og fremst að hesturinn verði sýnilegur á öðrum stöðum í borginni, heldur en kannski venjulega er sem er í austurjaðri borgarinnar í tengslum við Víðidalssvæðið. Heldur erum við að tala hér um að hesturinn sjáist á fleiri stöðum í borginni og það verði skipulagt með þeim hætti. Þannig að ég vona að sá misskilningur sé þá leiðréttur.

Forseti: Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið við að veita andsvar. Og þá tekur til máls borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson.

2. mál Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks um hestadaga í Reykjavík

Þorleifur Gunnlaugsson: Forseti, borgarfulltrúar. Satt best að segja finnst mér ekkert þægilegt, eins góð og mér finnst þessi tillaga vera, að samþykkja hana án þess að vita nokkuð um þann kostnað sem af henni hlýst hugsanlega. Hér er tillaga um að unnið verði að skipulagningu sérstakra hestadaga í Reykjavík, og með hestadögum í Reykjavík verður sköpuð aðstaða fyrir fyrirtæki og stofnanir í hestamennsku til að koma vöru sinni og þjónustu á framfæri. Þó að það sé upplýst hér að þessi tillaga komi ekki í framkvæmd fyrr en á næsta ári, þá finnst mér samt sem áður óþægilegt að samþykkja svona eiginlega opinn víxil. Þannig að ég er hér með sko bara viðaukatillögu sem að er svona:

Menningar- og ferðamálaráði verði falið að leggja nánari útfærslu fyrir borgarráð.

Forseti: Borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson hefur lokið máli sínu. Og það eru ekki fleiri á mælendaskrá. Borgarfulltrúi Óskar Bergsson gerir stutta athugasemd.

2. mál Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks um hestadaga í Reykjavík

Óskar Bergsson: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Mér finnst nú mikilvægt í jafn jákvæðu og góðu máli sem þetta er og mér heyrist á málflutningi borgarfulltrúa að menn séu almennt tilbúnir að styðja þetta, að við leysum ekki málið í ágreiningi. Ástæðan fyrir því að við leggjum málið þannig fram að það sé bara samþykkt hér og vísað til vinnu inni á sviðinu er það, að þetta er viðburður sem verður á næsta ári - það er ár til stefnu. Það hefði verið í raun og veru alveg hægt að samþykkja tillöguna og vísa henni til sviðsins og gerðar fjárhagsáætlunar til þess að það sé bara tekið fram þar að þetta sé hluti af einhvers konar útgjöldum fyrir Reykjavíkurborg. Þó ég vilji ítreka það að þetta er lagt fram með þeim hætti að hér er fyrst og fremst verið að bjóða upp á ákveðna aðstöðu sem að mörgu leyti er til staðar en hefur ekki verið að fullu nýtt. En til þess að mæta þeim sjónarmiðum sem fram koma bæði í málflutningi oddvita Samfylkingarinnar og borgarfulltrúa Þorleifs Gunnlaugssonar, sem reyndar er oddviti Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs líka og þá er ég bara til í að styðja þá viðaukatillögu sem borgarfulltrúinn flutti hér.

Aðeins í sambandi við þau ummæli borgarfulltrúa Dags B. Eggertssonar um þennan marsmánuð og hvað svona upp á kann að koma í vetrarstemningu í þeim mánuði. Þá er eins og ég sagði hér í minni ræðu að þá er þetta í raun og veru mánuður sem getur boðið okkur upp á allt frá því að vera harður vetrarmánuður í það að vera ljúfur vormánuður. Og það er í raun og veru það sem mótshaldarar og þeir sem að þessum hestadögum koma þurfa í raun og veru bara að undirbúa sig undir. Ef það er ekki aðstaða fyrir ístölt undir berum himni að þá er aðstaða í borginni a.m.k. á tveimur stöðum til þess að taka þá viðburði inn í Skautahallirnar, það hefur líka verið gert og er hluti af þessari hestamenningu í borginni sem alltof fáir vita af, en er kannski megin tilgangur þessarar tillögu hér að opna þennan heim hestamennskunnar fyrir þeim sem ekki þekkja hann.

Nú, ég vil líka taka undir þá hugmynd Dags B. Eggertssonar um hvítasunnukappreiðar sem svona alþjóðlegan viðburð á Íslandi tengdar íslenska hestinum. Og borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson rifjaði það hér upp hvað þetta voru stórir viðburðir í borgarlífinu á sínum tíma. Að það voru í raun og veru fyrstu

viðbrögð fulltrúa Reykjavíkurborgar við þessari skýrslu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins að við mundum einmitt hafa þetta í maímánuði þar sem hvítasunnukappreiðarnar, sem heita reyndar núna Reykjavíkur meistaramót eru í gangi, auk þess sem eru kynbótasýningar, reiðhallarsýningar og margt að gerast. En til þess að stækka þennan hefðbundna ferðamannatíma að þá lögðu skýrsluhöfundar áherslu á marsmánuðinn og við að sjálfsögðu sem fulltrúar Reykjavíkurborgar og horfum til hagsmuna ferðaþjónustunnar í okkar sveitarfélagi samþykktum það og töldum að þessi tímasetning sé að mörgu leyti mjög góð.

Það útilokar hins vegar ekki að hvítasunnukappreiðar Fáks og þeir miklu viðburðir sem líka eru í maí að þeim sé gert hærra undir höfði heldur en kannski gert hefur verið. Og fyrir þá gesti sem heimsækja hestadaga í mars þá getur það verið ákjósanlegur vettvangur fyrir Fáksmenn og aðra þá sem standa að þeim uppákomum sem eru í tengslum við hvítasunnukappreiðarnar og koma því móti betur á framfæri við íbúa Reykjavíkur og höfuðborgarsvæðisins, þannig að það geti aftur orðið sá mikli viðburður sem það var í borginni á sínum tíma. Vegna þess að viðburðurinn hefur í sjálfu sér ekki minnkað heldur stækkað og í raun og veru ennþá fleiri keppendur og ennþá stærra mót sem tekur um það bil viku í hverjum maímánuði, en einhverra hluta vegna hefur þessi tenging við almenning í borginni rofnað og tilgangur okkar með hestadögum í Reykjavík er vissulega sá að ná þessari tengingu aftur.

En til þess að geta afgreitt málið í sátt að þá erum við tilbúin að samþykkja viðaukatillögu borgarfulltrúa Vinstri grænna um að vísa málinu til menningar- og ferðamálaráðs og svo væntanlega kemur það þaðan til borgarráðs til afgreiðslu.

Svo vil ég að lokum þakka fyrir góðar umræður og góðar undirtektir við þessa tillögu.

Forseti: Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið máli sínu og þá vil ég að við göngum til atkvæða um þetta mál. Vegna orða borgarfulltrúa Ólafs F. Magnússonar, þá er það alveg ljóst í mínum huga hver afstaða hans er í þessu máli, hún algjörlega kýrskýr sú ástæða sem að borgarfulltrúinn hefur kynnt. Og ég sagði hér við fyrri ræðum borgarfulltrúans að þrátt fyrir mínar athugasemdir að þá

yrði þessi bókun færð til bókar, það er alveg ljóst. Og ég hef ekki breytt um afstöðu þrátt fyrir síðari ræðu borgarfulltrúans hér á fundinum. Það stendur – þetta verður fært til bókar. Þannig liggur í því. Síðan er afgreiðslan á tillögunni það er komin viðaukatillaga, við berum fyrst upp aðaltillöguna og svo berum við upp viðaukatillöguna. Þeir sem að samþykkja aðal tillöguna gefi merki. Hún er samþykkt með 15 greiddum atkvæðum. Síðan ber ég upp viðaukatillöguna. Hverjir samþykkja viðaukatillöguna. [Frammíkall] Lesa viðaukatillöguna. Viðaukatillagan er þannig:

Menningar- og ferðamálaráði er falið að leggja nánari útfærslu fyrir borgarráð.

Þeir sem samþykkja þá tillögu gefi merki. Hún er samþykkt með 15 greiddum atkvæðum. Núna verður gert hálftíma matarhlé.

[Hlé]

Forseti: Fundur er settur í Borgarstjórn Reykjavíkur eftir stutt hlé. Og næst er tekið fyrir 3. mál á dagskrá, tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um að atvinnulausir og þiggjendur fjárhagsaðstoðar fái frítt í sund. Til máls tekur frummælandi borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson.